

**Viðtakandi: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra**  
**Sendandi: Þórir Guðmundsson formaður Þróunarsamvinnunefndar**  
**Dagsetning: 28. febrúar, 2023**  
**Efni: Vinnufundur Þróunarsamvinnunefndar 20. janúar, 2023**

Ágæta Þórdís Kolbrún,

Á heilsdags vinnufundi Þróunarsamvinnunefndar fjallaði nefndin um nokkur helstu viðfangsefni í málafloknum. Hér á eftir dreg ég saman nokkur meginstef sem fram komu í þeim umræðum.

Í upphafi spurði ég nefndarmenn nokkurra lykilsurninga sem mætti hafa í huga í umræðum:

- Næðum við meiri þróunarárangri með færri og stærri verkefnum (sem hugarleikfimi: hvað ef við settum öll okkar framlög í eitt verkefni, til dæmis á vegum Sameinuðu þjóðanna)?
- Hversu stór hluti framlaga ætti að fara til verkefna sem byggja á þekkingu og reynslu sem Íslendingar hafa umfram aðra?
- Hversu mikla áhættu þolum við taka (þarf að vera í fleiri löndum til að minnka áhættu)?
- Hversu stórt hlutfall framlaga er réttlætanlegt að verði eftir á Íslandi?
- Eigum við að hækka hlutfallslega framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar?
- Ætlum við að ná 0,7% markmiðinu um framlög miðað við VPT og þá hvenær?

Eftir opna og góða umræðu dró fundarstjóri saman niðurstöðu fundarins. Nefndarmenn mæla með að Ísland **haldi sig við 0,7 prósent markmiðið** en setji fram áætlun um hvernig megi ná því með tímasettum hækkunum framlaga ár frá ári.

Áhugi er á að bæta kynningu verkefna í þróunarsamvinnu og í tengslum við það var ítrekuð tillagan um **#TeamIceland**, sem hefur áður verið rædd. Sú hugmynd gengur út á að *merkja* alla íslenska þróunarsamvinnu og um leið ná fram samlegðaráhrifum með aukinni samvinnu íslenskra aðila.

Í ljósi breyttrar heimsmyndar kom fram áhugi á **að leggja aukna áherslu á neyðar- og mannúðarmál** í íslenski þróunarsamvinnu. Það tengist ekki bara árásarstríði Rússa í Úkraínu heldur einnig auknum hamförum vegna loftslagsbreytinga og síauknum straumi flóttafólks.

Fulltrúar félagasamtaka bentu á að Ísland væri enn eftirbátur samstarfslanda hvað varðar að **nýta krafta félagasamtaka** í þróunarsamvinnu. Ráðuneytið veitir minna þróunarfé í gegnum félagasamtök heldur en helstu samstarfslönd okkar og meiru í gegnum opinberar stofnanir.

Almenn samstaða var um að skynsamlegt væri að **byggja á styrkleikum Íslands í þróunarsamvinnu**, það er að nýta þekkingu og reynslu sem er til staðar á Íslandi. Í því sambandi var **mikil áhersla lögð á jafnréttismál**. Á sama tíma stendur hugur nefndarmanna til þess að **sem mest af þróunarfé fari til fátækustu þróunarlandanna** fremur en að því sé varið heima fyrir.

Þegar kemur að gerð þróunarsamvinnustefnu, sem er í vinnslu í ráðuneytinu, lagði vinnufundurinn til að áhersla yrði lögð á að gera hana **skýra, aðgengilega og auðskiljanlega** fyrir almenning.

Með bestu kveðju,

Þórir Guðmundsson  
formaður Þróunarsamvinnunefndar